

FORSÆTISNEFND 28. maí 2021: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur sem gilda um trúnaðarmál - R21050282

Hvaða reglur gilda um hvaða mál séu gerð trúnaðarmál og hvar er þessar reglur að finna? Mál eru ítrekað trúnaðarmerkt í ráðum og nefndum borgarinnar. Í sumum tilfellum er ljóst að trúnað þurfi að halda þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Í öðrum tilfellum er óljóst hvað ræður. Það er því nauðsynlegt í nafni gagnsæis og lýðræðis að reglur um leyndar upplýsingar í nafni trúnaðar séu skýrar gagnvart almenningi og kjörnum fulltrúum. Gild rök þurfa að vera fyrir leynd og þurfa reglur um allt slíkt að vera opinberar.